

Gengislánadómar

Minnisblað til stjórnar Samtaka heilbrigðisfyrirtækja

Frá skrifstofu SVP

Desember 2012

1. Álitaeftin.

Þau málaferli sem verið hafa í gangi undanfarna mánuð, og snúa að s.k. gengislánum, fjalla í grunninn um tvö atriði:

- a. Voru lánin lögmæt eða ólögmæt;
- b. Hvernig ber að haga uppgjöri þeirra lána sem dæmd hafa verið ólögmæt.

2. Voru lánin lögmæt eða ólögmæt?

Spurningin um lögmæti eða ólögmæti lánanna hefur verið að skýrast mikið að undanfögnu og má segja að réttaróvissu hafi að mestu leyti verið eytt hvað þetta varðar. Eftir því sem næst verður komist er aðeins einu álitaefti að því er varðar spurninguna um lögmæti eða ólögmæti ósvarað. Það mál snýr að því þegar lánasamningur er í íslenskri mynt en útborgunardeiðin í erlendri mynt. Dómsmál þar sem svara verður leitað við þessu álitaefti verður flutt í Hæstarétti í janúar 2013. Þegar dómur hefur verið kveðinn upp í því máli ætti öllum spurningum varðandi hinar mismunandi útgáfur af gengislánadómum að hafa verið svarað.

3. Hvernig ber að haga uppgjöri þeirra lána sem dæmd hafa verið ólögmæt.

Að því er varðar þennan þátt málsins má segja að dómur Hæstaréttar í s.k. Elvírumáli sem kveðinn var upp 15. febrúar s.l. hafi lagt línurnar um það hvernig haga beri endurútreikningi þeirra lána sem dæmd höfðu verið ólögmæt. Þar sló Hæstiréttur því föstu að greiðslutilkynningar kröfuhafa (Frjálsa fjárfestingarbankans) og fyrirvaralaus móttaka hans á greiðslum í samræmi við tilkynningar þar um, hefðu jafngilt fullnaðarkvittun. Taldi rétturinn að það hefði staðið kröfuhafanum mun nær, en hjónunum sem hlut áttu að máli, að bera þann vaxtamun sem hlaust af hinni ólögmætu gengistryggingu. Kröfuhafinn gat því ekki krafist þau um viðbótargreiðslur vegna greiddra vaxta aftur í tímann.

Það sem vakti sérstaka athygli í þessu máli var að Hæstiréttur vísaði til l. nr. 151/2010 (s.k. Árna Páls laga) og sagði að ekki væri með almennum lögum hægt, með jafn íþyngjandi hætti og raun ber vitni, að hrófla með afturvirkum hætti við lagaákvæðum um efni skuldbindinga. Rétturinn vísaði í því sambandi til eignarréttarákvæðanna sem tryggð eru í 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Í kjölfar þessa dóms má segja að hreyfing hafi komist á hlutina. Hagsmunaaðilar fóru yfir sviðið í því skyni að greina hversu mörg mál þyrfti að fara með gegn um dómskerfið til þess að skýra myndina til hins ýtrasta. Niðurstaða þeirra vinnu var að það væru u.þ.b. tólf mál sem þyrfti að fara með gegn um dómskerfið í þessu skyni.

Mikil töf hefur hins vegar orðið á því að þessi mál yrðu þingfest (kæmu fyrir dóm). Í nóvember var aðeins búið að þingfesta tvö þeirra. Nú síðustu vikurnar hafa hins vegar gengið dómar sem hafa skýrt myndina að mun. Dómur Hæstaréttar í máli Borgarbyggðar gegn Arion banka gekk 18. október s.l. Þar var um að ræða lán sem alltaf hafði verið í skilum, en það var til tuttugu ára, tekið í lok árs 2006. Fyrir lágu fullnaðarkvittanir sem látnar voru af hendi án fyrirvara af hálfu bankans. Hér var niðurstaða dómsins sú að ekki væri heimilt fyrir bankann að krefjast viðbótargreiðslna vegna þegar greiddra vaxta aftur í tímann. Sambærileg niðurstaða var í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem gekk 8. nóvember s.l. Þar var um að ræða bílalán sem tekið var til sextíu mánaða, en tilvik að öðru leyti sambærileg og í Borgarbyggðar/Arion málinu. Lántaki var lítið verkfræðifyrirtæki á Akureyri. Þessu máli hefur þegar verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Með þessum tveimur dómum hefur staðan varðandi endurútreikning ólögðmætra gengistryggðra lána skýrst mikið. Þau atvik sem enn eru ódæmt í eru hvernig farið skuli með mál sem verið hafa í vanskilum og mál þar sem skuldarinn nýtti sér þau úrræði sem bankarnir buðu upp á. Því er einnig að öllum líkindum ósvarað hvort þau fordæmi sem þegar eru komin ná til uppgjöra vegna lána sem stórfyrirtæki tóku hjá bönkunum.